

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Smáratorg-Hagasmári 1 (Smáralind).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að fyrirhuguð bílastæði á efri hæð Smáratorgs tengjast efri bílastæðapalli við Hagasmára 1 (Smáralind) yfir Fífuhvammsveg. Á yfirbyggðu torgi verða bílastæði auk aksturs- og gönguleiða. Ekið verður inn á umrædd bílastæði við Smáratorg af afrein Reykjanesbrautar til suðurs. Við breytinguna er felld niður fyrirhuguð göngubraut/brú yfir Fífuhvammsveg. Gönguleiðir breytast ekki en gerð verður ný aksturstenging. Hámarks-nýtingarhlutfall á lóð Smáratorgs (verslunar- og þjónustusvæði) eykst úr 0,6 í 0,8 og við það breytist tala yfir óbyggða fermetra á lóðinni Smáratorg úr tæplega 11.000 í um 23.000 fm.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 15. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.